

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 35/2011****2011/EES/37/29****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2011 frá 11. febrúar 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/61/ESB frá 2. september 2010 um fyrstu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32010 L 0061**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/61/ESB frá 2. september 2010 (Stjtið. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/61/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(1) Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 7.4.2011, bls. 9.

(2) Stjtið. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 27.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.